

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 724/2004

2007/EES/31/35

frá 31. mars 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1406/2002 ⁽³⁾ var Siglingaöryggisstofnun Evrópu komið á fót („stofnuninni“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum á háu stigi með samræmdum og skilvirkum hætti.
- 2) Hinn 12. desember 2002 samþykkti ráðstefna stjórnarereindreka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) ýmsar breytingar á alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samningnum) og alþjóðakóðanum um vernd skipa og hafnaraðstöðu (ISPS-kóðanum), sem ná yfir ráðstafanir um siglingavernd. Því er rétt að tilgreina hlutverk stofnunarinnar á sviði siglingaverndar.

- 3) Mikilvægt er að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi sjóflutninga og hafna Bandalagsins og einnig farþega, áhafna og hafnarstarfsmanna, gegn ógn þeirri sem stafar af visvitandi ólögætum aðgerðum.

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu ⁽⁴⁾ er framkvæmdastjórninni úthlutað tilteknum eftirlitsverkefnum í tengslum við framkvæmd aðildarríkjanna á þessum öryggisráðstöfunum og gæti stofnunin veitt gagnlega tækniástoð þar að lútandi. Þessi verkefni skulu taka til skoðana á skipum og tengdum félögum, en einnig viðurkenndra verndaraðila sem hafa heimild til að annast tengda starfsemi í þessu tilliti.

- 5) Nýleg slys á hafsvæðum Bandalagsins, einkum slys olíuflutningaskipanna „Eriku“ og „Prestige“ sýndu fram á að þörf væri á auknum aðgerðum innan Bandalagsins, ekki einungis á sviði mengunarvarna heldur einnig á sviði viðbragða við mengun.

- 6) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 ⁽⁵⁾ var settur rammi um samstarf innan Bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2006.

- 7) Með ákvörðun ráðsins 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 ⁽⁶⁾ var komið á Bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna, þ.m.t. óviljandi mengun sjávar. Þetta fyrirkomulag felur í sér vöktunar- og upplýsingamiðstöð sem framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir og nýtist við allar hjálparaðgerðir á sviði almannavarna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 19.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 32, 5.2.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2004. Ákvörðun ráðsins frá 25. mars 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1644/2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 10).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7.

8) Sjá skal stofnuninni fyrir nægum úrræðum til að geta orðið við beiðni um að styðja viðbrögð aðildarríkjanna við mengun. Starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði skal ekki leysa strandríki undan þeirri ábyrgð að hafa viðeigandi fyrirkomulag til að bregðast við mengun og skal virða gildandi samstarfsfyrirkomulag aðildarríkjanna eða hópa aðildarríkja á þessu sviði. Verði mengunarslys skal stofnunin aðstoða aðildarríkið sem fyrir áhrifum verður og stjórnar hreinsuninni. Stofnunin skal styðja almannavarnakerfi Bandalagsins.

9) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003 um breytingu á tillögu 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, ⁽¹⁾ eru teknar upp nýjar aðferðir við viðurkenningu á atvinnuréttindaskírteinum sjómanna sem gefin eru út í þriðju löndum. Stofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við mat á því að þessi lönd uppfylli kröfur alþjóðasamningsins frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin).

10) Stjórn stofnunarinnar skal hafa umboð til að gera stefnumótandi áætlun, í samráði við framkvæmdastjórnina, um viðbúnað vegna mengunar og viðbrögð við henni. Við gerð áætlunarinnar skal stjórnin taka tillit til virðisauka, sem viðbragðsstarfsemi stofnunarinnar felur í sér fyrir starfsemi aðildarríkjanna, en einnig mestu hugsanlegu kostnaðarhagkvæmni.

11) Taka ber mið af gildandi samningum um mengunarslys, t.d. samstarfssamningnum frá 1983 um að berjast gegn mengun Norðursjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna (Bonn-samstarfssamningnum), sem auðveldi gagnkvæma aðstoð og samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði, einnig viðeigandi alþjóðasamningum um verndun evrópskra hafsvæða gegn mengunaróhöppum, t.d. alþjóðasamningi um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um frá 1990 (OPRC-samningnum), sem var saminn á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), samningnum um verndun Norðaustur-Atlantshafsins frá 22. september 1992 (OSPAR-samningnum), Barselóna-samningnum, Helsinki-samningnum og Lissabon-samningnum.

12) Vegna framtíðarskipana innan stjórnskipulags stofnunarinnar (í stjórn og í stöðu framkvæmdastjóra) skal taka tilhlýðilegt tillit til tilskilinnar reynslu og sérþekkingar á nýju valdsviði stofnunarinnar: viðbragða við mengun frá skipum og siglingarverndar.

13) Þriðju lönd sem óska eftir að taka þátt í starfsemi stofnunarinnar skulu samþykkja lög Bandalagsins og beita þeim á öllum valdsviðum stofnunarinnar, þ.m.t. viðbrögð við mengun af völdum skipa og siglingavernd.

14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1406/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002:

1. Ákvæði 1. gr. breytist sem hér segir:

a) í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með þessari reglugerð er komið á fót Siglingaöryggisstofnun Evrópu („stofnuninni“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi, siglingavernd innan ramma þeirra verkefna sem eru skilgreind í iv-lið b-liðar 2. gr., varnir gegn mengun og viðbrögð við mengun frá skipum innan Bandalagsins á háu stigi með samræmdum og skilvirkum hætti.

2. Stofnunin skal sjá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni fyrir nauðsynlegri tækni- og vísindaaðstoð og yfirgripsmikilli sérfræðikunnáttu til að liðsinna þeim við að beita löggjöf Bandalagsins á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar innan ramma þeirra verkefna sem eru skilgreind í iv-lið b-liðar 2. gr. og varna gegn mengun frá skipum með réttum hætti, vakta framkvæmd hennar og meta skilvirkni þeirra ráðstafana sem eru fyrir hendi.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Stofnunin skal sjá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni fyrir nauðsynlegri tækni- og vísindaaðstoð vegna óviljandi eða viljandi mengunar frá skipum og verða við beiðni um að styðja viðbrögð aðildarríkjanna við mengun með frekari kostnaðarhagkvæmum úrræðum, með fyrirvara um ábyrgð strandríkja á viðeigandi mengunarviðbrögðum og með tilliti til þeirrar samvinnu sem fyrir er milli aðildarríkjanna á þessu sviði. Hún skal styðja rammaákvæði Bandalagsins um samstarf á sviði viljandi eða óviljandi mengunar sjávar, sem voru sett með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 um að setja ramma um samstarf

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 326, 13.12.2003, bls. 28.

innan Bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar(*) og fyrirkomulag Bandalagsins á hjálparaðgerðum á sviði almannavarna sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins nr. 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 um að koma á Bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna (**).“

(*) Stj.úð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

(**) Stj.úð. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7.

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Til að tryggja að markmiðunum, sem tilgreind eru í 1. gr., verði náð með viðeigandi hætti skal stofnunin sinna eftirfarandi verkefnum:

- a) Hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina, eftir því sem við á, við að undirbúa uppfærslu og þróun löggjafar Bandalagsins á sviðum siglingaöryggis og siglingaverndar, mengunarvarna og viðbragða við mengun frá skipum, einkum í samræmi við þróun alþjóðlegrar löggjafar á því sviði. Það verkefni skal fela í sér greiningu á rannsóknarverkefnum, sem unnin eru á sviði siglingaöryggis og siglingaverndar, mengunarvarna og viðbragða við mengun frá skipum.
- b) Hún skal aðstoða framkvæmdastjórnina við skilvirka framkvæmd löggjafar Bandalagsins um siglingaöryggi og siglingavernd, mengunarvarnir og viðbrögð við mengun frá skipum í gervöllu Bandalaginu. Stofnunin skal einkum:
 - i) fylgjast með því hvernig hafnarrikiseftirlitskerfi Bandalagsins starfar í heild sinni, sem getur falist í að heimsækja aðildarríkin og leggja tillögur um hvers kyns úrbætur á því sviði fyrir framkvæmdastjórnina,
 - ii) veita framkvæmdastjórninni nauðsynlega tækniástoð til að taka þátt í vinnu tæknistofnana Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit,
 - iii) aðstoða framkvæmdastjórnina við að inna af hendi þau verkefni sem henni eru falin, samkvæmt núgildandi og síðari löggjöf Bandalagsins um siglingaöryggi, varnir gegn mengun frá skipum og viðbrögð við mengun frá skipum, einkum löggjöf sem gildir um flokkunarfélög, öryggi farþegaskipa og einnig öryggi, menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður áhafna skipa, þ.m.t. að tryggja að þriðju löndin uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í alþjóðasamþykktinni frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna, og að gera

ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við atvinnuréttindaskirteini.

- iv) veita framkvæmdastjórninni tækniástoð við framkvæmd eftirlitsverkefna sem henni eru falin, skv. 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu (*). Þessi ástoð sem stofnunin veitir framkvæmdastjórninni mun takmarkast við skip og tengd fyrirtæki og viðurkenndar öryggisstofnanir sem hafa heimild til að annast tiltekna öryggistengda starfsemi í þessu samhengi.
- c) Hún skal starfa með aðildarríkjunum við:
 - i) að skipuleggja, ef við á, viðeigandi þjálfun á sviðum sem eru á ábyrgð hafnarrikisins og fánarrikisins,
 - ii) að þróa tæknilegar lausnir og veita tækniástoð sem tengist framkvæmd löggjafar Bandalagsins,
 - iii) að styðja með frekari kostnaðarhagkvæmum úrræðum, fyrir milligöngu almannavarnakerfis Bandalagsins sem komið var á fót með ákvörðun 2001/792/EB, KBE, viðbrögð þeirra við mengun vegna óviljandi eða viljandi mengunar frá skipum, þegar slík beiðni hefur verið lögð fram. Í þessu tilliti skal stofnunin aðstoða aðildarríkið sem fyrir áhrifum verður og stjórnar hreinsuninni.
- d) hún skal greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar á sviðum sem falla undir tilskipun 2002/59/EB. Stofnunin skal einkum:
 - i) stuðla að samstarfi milli ríkja sem liggja að siglinga-svæðunum sem falla undir þau svið sem sú tilskipun tekur til,
 - ii) þróa og starfrækja þau upplýsingakerfi sem eru nauðsynleg til að ná markmiðum tilskipunarinnar,
- e) hún skal greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um þróun sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa samkvæmt viðurkenndum, alþjóðlegum reglum, að teknu tilliti til ólíkra réttarkerfa aðildarríkjanna, um stuðning við aðildarríkin við störf sem varða rannsóknir, tengdar alvarlegum sjóslysum, og um greiningu fyrirliggjandi slysarannsóknarskýrslna,

f) hún skal sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum um siglingaöryggi og siglingavernd og um mengun frá skipum til að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til gera bót á aðgerðum sínum á þessum sviðum og meta skilvirkni ráðstafana sem gerðar hafa verið. Á meðal slíkra verkefna skulu vera söfnun, skráning og mat á tækniupplýsingum á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar og umferðar á sjó sem og á sviði sjávarmengunar, bæði óviljandi og viljandi, kerfisbundin nýting fyrirbyggjandi gagnagrunna, þ.m.t. víxlnýting þeirra og, eftir því sem við á, þróun viðbótargagnagrunna. Á grundvelli gagna, sem aflað hefur verið, skal stofnunin aðstoða framkvæmdastjórminna við birtingu upplýsinga á hálfis árs fresti um skip sem meinaður hefur verið aðgangur að höfnum Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnaríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna (**). Stofnunin aðstoðar einnig framkvæmdastjórminna og aðildarríkin við að endurbæta aðferðir þeirra til að bera kennsl á og veita eftirför skipum sem losa ólöglega.

g) Á meðan samningaviðræður standa yfir við ríki, sem sækja um aðild, má stofnunin veita tæknaaðstoð við framkvæmd lögjafar Bandalagsins á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar og gegn mengun frá skipum. Stofnunin getur einnig veitt aðstoð vegna óviljandi eða viljandi sjávarmengunar í þessum ríkjum, fyrir milligöngu almannavarnarkerfis Bandalagsins sem komið var á fót með ákvörðun 2001/792/EB, KBE. Samræma skal þessi verkefni svæðisbundnum samstarfsáætlunum sem eru fyrir hendi og þau skulu fela í sér, eftir því sem við á, skipulag viðeigandi þjálfunar.

(*) Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

(**) Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).“

3. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. breytist sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað d-liðar:

„d) samþykkja starfsáætlun stofnunarinnar fyrir komandi ár, eigi síðar 30. nóvember ár hvert, að teknu tilliti til álits framkvæmdastjórnarinnar og framsenda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, þessi starfsáætlun skal samþykkt með fyrirvara um árlega fjárlagagerð Bandalagsins. Ef til þess kemur að framkvæmdastjórnin lýsi sig ósamþykka starfsáætluninni, innan 15 daga frá því að hún er samþykkt, skal stjórnin endurskoða áætlunina og samþykkja hana, hugsanlega með breytingum, innan tveggja mánaða í annari umræðu annaðhvort með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þ.m.t.

fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, eða með samhljóða samþykki fulltrúa aðildarríkjanna,“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„k) samþykkja, í samræmi við málsmeðferð sem fjallað er um í d-lið, nákvæma áætlun um viðbúnað og viðbrögð stofnunarinnar við mengun og stefna að hámarksnýtingu þess fjármagns sem stofnunin fær,“

4. Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„Stjórnarmenn skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðisþekkingar á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, mengunarvarna og viðbragða við mengun frá skipum.“

5. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 2. mgr. 15. gr.:

„a) hann skal semja starfsáætlun og nákvæma áætlun um viðbúnað og viðbrögð stofnunarinnar við mengun og leggja hana fyrir stjórnina að höfðu samráði við framkvæmdastjórminna. Hann skal gera viðeigandi ráðstafanir um framkvæmd þeirra. Hann skal svara öllum beiðnum um aðstoð frá framkvæmdastjórninni eða frá aðildarríki í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr., Í upplýsingaskyni skal hann senda áætlunina til nefndarinnar, sem komið var á fót með 4. gr. ákvörðunar 2850/2000/EB, og einnig til nefndarinnar sem um getur í 9. gr. ákvörðunar 2001/792/EB, KBE,“.

6. Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal skipaður af stjórninni á grundvelli verðleika og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika, auk hæfni og reynslu á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, varna gegn mengun og viðbragða við mengun frá skipum. Stjórnin skal taka ákvörðun með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gera tillögur um framkvæmdastjóraefni“

7. í stað 1. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þriðju löndum, sem hafa gert samninga við Evrópu-bandalagið sem fela í sér að þau samþykkja og beita lögum Bandalagsins á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, varna gegn mengun og viðbragða við mengun frá skipum, er heimil þátttaka í stofnuninni.“

8. Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Matið skal leiða í ljós áhrif þessarar reglugerðar, stofnunarinnar og vinnuaðferða hennar. Stjórnin skal gefa út sérstakt skipunarbréf með samþykki framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við aðilana sem í hlut eiga.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.
